



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (tryggingagjald, skattalegt heimilisfesti, tollafgreiðsla, bifreiðagjald, aukatekjur ríkissjóðs o.fl.). Mál nr. 19 á þingmálaskrá 151. löggjafarþings 2020-2021.
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Fjármála- og efnahagsráðuneytið; skrifstofa skattamála.
Innleiðing EES-gerðar?	<input type="checkbox"/> Já <input checked="" type="checkbox"/> Nei
Dags.	6. október 2020.

A. Úrlausnarefni

- Forsaga máls og tilefni.** Í áformum þessum um lagasetningu er greint frá fyrirhuguðum breytingum á ýmsum lögum um skatta og gjöld sem áformað er að leggja fram í safnlögum. Tilefni einstakra ákvæða frumvarpsins er mismunandi. Frumvarpið má m.a. rekja til [stöðugleikaaðgerða ríkisstjórnarinnar](#) sem ætlað er að stuðla að félagslegum og efnahagslegum stöðugleika í tengslum við Lífskjarasamninginn. Í frumvarpinu verður lögð til tímabundin lækkun á tryggingagjaldi auk nauðsynlegra leiðréttinga og annarra breytinga á ýmsum lögum um skatta og gjöld. Hér er m.a. um að ræða breytingar og samræmingu vegna lögfestra breytinga annarra laga, breytingar á skattalegu heimilisfesti, tollafgreiðslu, gjaldi fyrir löggildingu nokkurra starfsstétta, meðhöndlun brota á sviði tollamála, undanþágu rafknúinna ökutækja til vöruflytninga frá vörugjaldi og greiðslu á lágmarksbifreiðagjaldi í tilfalli rafmagns- og vetnisbifreiða, o.fl. Í því sambandi má m.a. nefna að nú er í skoðun innan ráðuneytisins samræming á gjaldtöku og undanþágum vegna rafknúinna ökutækja.
- Hvert er úrlausnarefnið?** Í því skyni að milda áhrif af þeim launahækkunum sem samið var um í Lífskjarasamningnum og koma til framkvæmda um næstu áramót, er stefnt að því að lækka tryggingagjald tímabundið í eitt ár, eða til loka ársins 2021. Þá verður í frumvarpinu að finna ýmsar aðrar nauðsynlegar breytingar og leiðréttingar á skattalöggjöf sem tengjast bæði skattlagningu lögaðila og einstaklinga sem og orkuskiptum í samgöngum.
- Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?** Um er að ræða nauðsynlegar breytingar á gildandi lögum á sviði skatta og gjalda. Samkvæmt 40. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, má engan skatt á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Þá segir í 77. gr. að skattamálum skuli skipað með lögum og ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. Þá verði enginn skattur lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu.

B. Markmið

- Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki.**

Markmið málaflokks 5.1 miða að því að tryggja að skattaumsýsla, þ.e. skattframkvæmd og innheimta, sé í samræmi við það meginmarkmið að stuðla að einföldu og skilvirku skattkerfi til að fjármagna sameiginleg útgjöld þjóðarinnar. Markmið málaflokksins hafa víðtæka tengingu við áherslumál í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og styðja jafnframt við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna:

 - Bæta skattskil og öflun tekna til sameiginlegra útgjalda.
 - Skilvirkari og einfaldari opinber innheimta.
- Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda.**

Með frumvarpinu er stefnt að því að leggja til tímabundna lækkun tryggingagjalds auk annarra nauðsynlegra leiðréttinga og breytinga á ýmsum lögum um skatta og gjöld með það að markmiði að eyða réttaróvissu og gera löggjöf á sviði skattamála skýrari.

C. Leiðir

- Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?** Verði ekkert aðhafst mun tryggingagjald haldast óbreytt frá því sem nú er og áhrif af þeim launahækkunum sem samið var um í Lífskjarasamningnum því ekki mildast með tímabundinni lækkun tryggingagjalds til loka ársins 2021. Þá munu nauðsynlegar leiðréttingar og breytingar á skattalögum ekki eiga sér stað sem gæti leitt til réttaróvissu með tilheyrandi afleiðingum.
- Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið.** Þar sem um er að ræða nauðsynlegar breytingar á lagaákvæðum á sviði skatta og gjalda koma önnur úrræði en lagasetning ekki til greina, sbr. ákvæði 40. og 77. gr. Stjórnarskrár Íslands, nr. 33/1944.
- Mögulegar leiðir við lagasetningu.**
Þær leiðir sem áformað er að fara í fyrirhuguðu frumvarpi, með þeim breytingum á ýmsum lögum um skatta og gjöld sem áformað er að ráðast í, eru taldar þær einu sem tækar eru að teknu tilliti til þeirra markmiða sem að er stefnt með fyrirhuguðum breytingum.

D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

- Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni.** Meginefni frumvarpsins felur í sér tímabundna lækkun tryggingagjalds til loka ársins 2021 auk annarra nauðsynlegra leiðréttinga og breytinga á ýmsum lögum um skatta og gjöld. Hér er m.a. um að ræða breytingar og samræmingu vegna lögfestra breytinga annarra laga, breytingar á skattalegu heimilisfesti vegna tímabundinnar vinnu hér á landi, tollafgreiðslu, gjaldi fyrir löggildingunokkurra starfsstétta, meðhöndlun brota á sviði tollamála, breytingar er lúta að undanþágu rafknúinna ökutækja til vöruflutninga frá vörugjaldi og breytingar á lögum um bifreiðagjald þar sem kveðið verði á um að ökutæki sem framleidd eru og skráð sem rafmagns- eða vetnisbifreiðar skuli greiða lágmark bifreiðagjalds o.fl.
- Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott.** Gert er ráð fyrir breytingum á ýmsum lögum um skatta og gjöld í einu safnfrumvarpi. Lögð verður til tímabundin lækkun á tryggingagjaldi til loka ársins 2021 auk þess sem í frumvarpinu verður að finna ýmsar aðrar nauðsynlegar breytingar og leiðréttingar á skattalöggjöf sem tengjast bæði skattlagningu lögaðila og einstaklinga sem og orkuskiptum í samgöngum. Lagðar verða til breytingar á lögum um tryggingagjald, nr. 113/1990, lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, tollalögum, nr. 88/2005, lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nr. 29/1993 og lögum um bifreiðagjald, nr. 39/1988. Ýmist verður um að ræða breytingar, viðbætur eða brottfellingar á lagatexta, allt eftir eðli lagabreytinganna.

E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar

- Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?** Aðeins að því er varðar ákvæði 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar þar sem kveðið er á um að skattamálum skuli skipað með lögum. Þess verður gætt við samningu frumvarpsins að efni þess og framsetning samrýmist þeim ákvæðum.
- Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu?** Nei.
- Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?** Nei.

F. Samráð

- Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?** Frumvarpið snertir fyrst og fremst skattskylda aðila, bæði einstaklinga og lögaðila en einnig stjórnsýslu skattamála.
- Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?** Nei.
- Samráð sem þegar hefur farið fram.** Samráð hefur verið haft við Skattinn vegna einstaka efnisatriða.

4. **Fyrirhugað samráð.** Fyrirhugað er frekara samráð við Skattinn og hugsanlega aðra aðila. Gert er ráð fyrir því að áform um lagasetningu og frumvarpsdrög verði birt í samráðsgátt stjórnvalda, sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa og stjórnartillagna frá 10. mars 2017. |

G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er

Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal. Gert er ráð fyrir því að lækkun tryggingagjalds muni jafngilda því að gjaldið verði ekki tekið af stofni sem nemur kjarasamningsbundnum launahækkunum sem koma til framkvæmda um komandi áramót. Kostnaður við lækkun tryggingagjaldsins mun nema um fjórum milljörðum kr. Aðrar breytingar sem lagðar verða til í frumvarpinu munu samanlagt ekki hafa teljandi áhrif á afkomu ríkissjóðs verði frumvarpið óbreytt að lögum. Um er að ræða nauðsynlegar leiðréttingar og aðrar breytingar sem munu hins vegar leiða til þess að viðkomandi löggjöf á sviði skattamála verði skýrari. |

H. Næstu skref, innleiðing

1. **Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina?** Já.
2. **Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar?** Þegar hefur verið haft samráð við Skattinn vegna einstaka efnisatriða frumvarpsins. Frekara samráð verður haft við embættið við samningu frumvarpsins en ekki er gert ráð fyrir að langan tíma þurfi til undirbúnings/aðlögunar.
3. **Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?** Gott samráð við innleiðingu löggjafar.
4. **Mælikvarðar á árangur og útkomu.** Helstu mælikvarðar á árangur og útkomu breytinga sem gerðar eru á ákvæðum laga um skatta og gjöld eru upplýsingar frá ríkisaðilum og greiningarvinna þeirra gagna í fjármála- og efnahagsráðuneytinu.
5. **Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?** Fjármála- og efnahagsráðuneytið fær reglulega gögn frá ríkisaðilum og kallar einnig eftir þeim teljist það nauðsynlegt til að meta m.a. árangur lagabreytinga á sviði skatta- og tollamála. Það mun einnig eiga við í þessu tilviki. |

I. Annað

| |

J. Fylgiskjöl

1. **Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað** Já
2. **Önnur fylgiskjöl eftir atvikum** Nei |